

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1614/2002**2006/EES/58/21**

frá 6. september 2002

um aðlögun á reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 að efnahagslegri og tæknilegri þróun og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/98, (EB) nr. 2701/98 og (EB) nr. 2702/98 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB, KBE) nr. 410/98 ⁽²⁾, einkum i-, ii-, iii-, vii- og viii-lið 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að uppfæra reglulega skrárnar yfir könnunatriði sem tilgreind eru í reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97, og jafnframt hversu nákvæmrar sundurliðunar er krafist til að mæta breytilegum þörfum sem leiðir af efnahagsþróun.
- 2) Laga ber ákvæði í reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97, er varða söfnun og tölfræðilega úrvinnslu gagna og úrvinnslu og afhendingu niðurstaðna, að efnahagslegri og tæknilegri þróun.
- 3) Rétt er að bæta við nokkrum mikilvægum könnunatriðum og fella brott önnur, sem er erfitt og kostnaðarsamt að safna, til að bæta jafnvægið milli hagskýrslna innan einstakra atvinnugreina, einkum iðn- og þjónustugreina.
- 4) Enn fremur er rétt að bæta nokkrum nýjum skilgreiningum við í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/98 frá 17. desember 1998 um skilgreiningar á breytum fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ⁽³⁾ og að fella brott eða breyta nokkrum fyrirbyggjandi skilgreiningum í þeirri reglugerð þannig að þær falli betur að þeim atvinnugreinum sem um ræðir.
- 5) Fækkun þrepa í sundurliðun raða eftir stærðarflokki, sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/98 frá 17. desember 1998 um raðir gagna sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ⁽⁴⁾, ætti að draga úr fyrirhöfn við hagskýrslugerð og bæta gæði hagskýrslna sem látnar eru í té.
- 6) Aðlaga ber tæknilega sniðið fyrir gögn er varða komandi ár og kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2702/98 frá 17. desember 1998 um tæknilegt snið til nota við afhendingu

á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja ⁽⁵⁾ til þess að auðvelda slíka afhendingu.

- 7) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 2700/98, (EB) nr. 2701/98 og (EB) nr. 2702/98 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er löguð að efnahagslegri og tæknilegri þróun í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2700/98 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2701/98 er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2702/98 er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi gildir um gögn er varða viðmiðunarárið 2002.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 244, 12.9.2002, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2004 frá 23. apríl 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 26.8.2004, bls. 16.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 52, 21.2.1998, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 344, 18.12.1998, bls. 49.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 344, 18.12.1998, bls. 81.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 344, 18.12.1998, bls. 102.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. september 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi tafla komi í stað töflunnar í 4. lið 4. þætti í 1. viðauka (sameiginleg eining fyrir árlegar hagskýrslur um skipulag fyrirtækja):

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|----------|---|------------|
| „12 11 0 | Velta | |
| 12 12 0 | Framleiðsluverðmæti | |
| 12 15 0 | Vinnsluvirði á þáttaverði | |
| 13 31 0 | Starfsmannakostnaður | |
| 13 32 0 | Launakostnaður | |
| 13 33 0 | Kostnaður vegna almannatrygginga | |
| 13 11 0 | Heildarkaup á vörum og þjónustu | |
| 13 12 0 | Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi | |
| 15 11 0 | Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum | |
| 16 11 0 | Fjöldi starfsmanna | |
| 16 13 0 | Fjöldi launamanns“ | |

2. Ákvæðum 2. viðauka (sundurliðuð eining fyrir hagskýrslur um skipulag iðnfyrirtækja) er breytt sem hér segir:

a) í 3. lið 4. þætti:

- i) falli eftirfarandi könnunatriði brott:

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|----------|--|------------|
| „12 14 0 | Vinnsluvirði á grunnverði (valfrjálst) | |
| 16 13 2 | Fjöldi lærlinga“ | |

- ii) fái eftirfarandi könnunatriði nýtt heiti:

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|----------|---|------------|
| „18 11 0 | Velta af aðalstarfsemi, í þriggja stafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 1. endursk.“ | |

b) eftirfarandi tafla komi í stað töflunnar í 4. lið 4. þætti:

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|----------|---|------------|
| „15 42 0 | Verg fjármunamyndun í sérleyfum, einkaleyfum, leyfum, vörumerkjum og svipuðum réttindum | |
| 15 44 1 | Fjármunamyndun í aðkeyptum hugbúnaði | |
| 15 44 2 | Fjármunamyndun í hugbúnaði sem framleiddur er af einingunni | Valfrjálst |

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|---------|--|--|
| 16 13 5 | Fjöldi starfsmanna með vinnuádstöðu heima | Deildir 17/18/19/21/22/25/28/31/32/36 |
| 20 11 1 | Kaup á eldsneyti í föstu formi (verðmæti) | Bálkur E undanskilinn |
| 20 11 2 | Kaup á jarðolíuvörum (verðmæti) | Bálkur E undanskilinn |
| 20 11 3 | Kaup á jarðgasi og afleiðugasi (verðmæti) | Bálkur E undanskilinn |
| 20 11 4 | Kaup á endurnýjanlegum orkugjöfum (verðmæti) | Bálkur E undanskilinn |
| 20 11 5 | Kaup á hita (verðmæti) | Bálkur E undanskilinn |
| 20 11 6 | Kaup á rafmagni (verðmæti) | Bálkur E undanskilinn |
| 23 11 0 | Greiðslur til undirverktaka“ | |

c) í 7. þætti

i) komi eftirfarandi í stað 1. liðar:

„1. Niðurstöður hagtalna, að undanskildum könnunaratriðum 18 11 0, 20 11 1, 20 11 2, 20 11 3, 20 11 4, 20 11 5, 20 11 6, 22 11 0 og 22 12 0, skulu sundurliðaðar í fjögurra stafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 1. endursk. (grein).

Könnunaratriði 18 11 0, 20 11 1, 20 11 2, 20 11 3, 20 11 4, 20 11 5, 20 11 6, 22 11 0 og 22 12 0, skulu sundurliðuð í þriggja stafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 1. endursk. (flokkur).“

ii) falli ákvæði 3. liðar brott.

3. Eftirfarandi tafla komi í stað töflunnar í 3. lið 4. þætti í 3. viðauka (sundurliðuð eining fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja í dreifingarstarfsemi):

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|---------|--|------------|
| | „Bókhaldsgögn | |
| 12 11 0 | <i>Velta</i> | |
| 12 12 0 | <i>Framleiðsluverðmæti</i> | |
| 12 13 0 | <i>Vergur hagnaður af vörum til endursölu</i> | |
| 12 15 0 | <i>Vinnsluvirði á þáttaverði</i> | |
| 12 17 0 | Vergur rekstrarafgangur | |
| 13 11 0 | <i>Heildarkaup á vörum og þjónustu</i> | |
| 13 12 0 | <i>Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi</i> | |
| 13 21 0 | Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu | |
| 13 21 1 | Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu sem keypt var til endursölu í óbreyttu ástandi | |
| 13 31 0 | <i>Starfsmannakostnaður</i> | |
| 13 32 0 | <i>Launakostnaður</i> | |
| 13 33 0 | <i>Kostnaður vegna almannatrygginga</i> | |
| | Gögn tengd fjármagnsreikningi | |
| 15 11 0 | <i>Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum</i> | |
| 15 12 0 | Verg fjármunamyndun í lóðum | |
| 15 13 0 | Verg fjármunamyndun í húseignum og byggingum sem til eru | |
| 15 14 0 | Verg fjármunamyndun í byggingu og breytingu húseigna | |
| 15 15 0 | Verg fjármunamyndun í vélum og búnaði | |
| 15 21 0 | Sala efnislegrar fjárfestingarvöru | |
| 15 31 0 | Verðmæti efnislegra vara sem aflað er með fjármögnunarleigu | |

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|---------|---|------------|
| | Gögn um starfsmannahald | |
| 16 11 0 | Fjöldi starfsmanna | |
| 16 13 0 | Fjöldi launamanna | |
| 16 13 1 | Fjöldi launamanna í hlutastarfi | |
| | Sundurliðun veltu eftir starfsemi | |
| 18 10 0 | Velta af landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi | |
| 18 15 0 | Velta af þjónustu | |
| 18 16 0 | Velta af verslun, kaupum og endursölu og milliliðastarfsemi“ | |

4. Ákvæðum 4. viðauka (sundurliðuð eining fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja í byggingariðnaði) er breytt sem hér segir:

a) í 3. lið 4. þætti:

i) falli eftirfarandi könnunatriði brott:

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|----------|----------------------------|------------|
| „12 14 0 | Vinnsluvirði á grunnverði“ | |

ii) fái eftirfarandi könnunatriði nýtt heiti:

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|----------|--|------------|
| „18 11 0 | Velta af aðalstarfsemi í þriggja stafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 1. endursk.“ | |

b) eftirfarandi tafla komi í stað töflunnar í 4. lið 4. þætti:

| Kóði | Heiti | Athugasemd |
|----------|---|------------|
| „15 42 0 | Verg fjármunamyndun í sérleyfum, einkaleyfum, leyfum, vörumerkjum og svipuðum réttindum | Valfrjálst |
| 15 44 1 | Fjármunamyndun í aðkeyptum hugbúnaði | |
| 15 44 2 | Fjármunamyndun í hugbúnaði sem framleiddur er af einingunni | Valfrjálst |
| 16 13 1 | Fjöldi launamanna í hlutastarfi | |
| 20 11 1 | Kaup á eldsneyti í föstu formi (verðmæti) | Valfrjálst |
| 20 11 2 | Kaup á jarðolíuvörum (verðmæti) | Valfrjálst |
| 20 11 3 | Kaup á jarðgasi og afleiðugasi (verðmæti) | Valfrjálst |
| 20 11 4 | Kaup á endurnýjanlegum orkugjöfum (verðmæti) | Valfrjálst |
| 20 11 5 | Kaup á hita (verðmæti) | Valfrjálst |
| 20 11 6 | Kaup á rafmagni (verðmæti) | Valfrjálst |
| 23 11 0 | Greiðslur til undirverktaka | |
| 23 12 0 | Tekjur af undirverktakastarfsemi“ | |

c) í 7. þætti

i) komi eftirfarandi í stað 1. liðar.:

„1. Niðurstöður hagtalna, að undanskildum könnunatriðum 18 11 0, 20 11 1, 20 11 2, 20 11 3, 20 11 4, 20 11 5, 20 11 6, 22 11 0, 22 12 0, 15 42 0, 15 44 1 og 15 44 2 skulu sundurliðaðar í fjögurra stafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 1. endursk. (grein).

Niðurstöður fyrir könnunatriði 18 11 0, 20 11 1, 20 11 2, 20 11 3, 20 11 4, 20 11 5, 20 11 6, 15 42 0, 15 44 1 og 15 44 2, skulu sundurliðaðar í þriggja stafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 1. endursk. (flokkur).

Niðurstöður fyrir könnunatriði 22 11 0 og 22 12 0 skulu sundurliðaðar í tveggja stafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 1. endursk. (deild).“

- ii) falli ákvæði 3. liðar brott.
-

II. VIÐAUKI

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/98 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi skilgreiningar bætast við:

„Kóði: **20 11 1**

Heiti: Kaup á föstu eldsneyti (verðmæti)

Kaup á eldsneyti í föstu formi á viðmiðunartímabilinu falla undir þessa breytu svo fremi það sé keypt til að nota sem eldsneyti. Eldsneyti í föstu formi, sem keypt er sem hráefni eða til endursölu óbreytt, er undanskilið.

Eldsneyti í föstu formi samanstendur af kokskolum, gufukolum (öðrum bikkenndum steinkolum og gljækolum), gljábrúnkolum, koxi í koksofna, gaskoxi, brúnkolskoxi, tjöru, kolaköggjum og öðru eldsneyti í föstu formi.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Kaup á einstökum orkugjöfum má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Þau eru hluti af hráefnum og hjálparefnum.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af kaupum á orkugjöfum (20 11 0)

Kóði: **20 11 2**

Heiti: Kaup á jarðolíuvörum (verðmæti)

Kaup á jarðolíuvörum á viðmiðunartímabilinu heyra undir þessa breytu svo fremi þær séu keyptar til að nota sem eldsneyti. Jarðolíuvörur, sem keyptar eru sem hráefni eða til endursölu óbreytt, eru undanskildar.

Eftirtaldar vörur falli undir jarðolíuvörur:

Hreyfilbensín (með blýi og blýlaust)

Disilolía notuð í flutningum.

Gasolía til húshitunar og önnur gasolía.

Brennsluolía (með hátt eða lágt brennisteinsinnihald).

Fljótandi jarðolíugas (LPG).

Aðrar jarðolíuvörur, svo sem flugvélabensín, bensínkennt þotueldsneyti, steinolíukennt þotueldsneyti, annað.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Kaup á einstökum orkugjöfum má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Þau eru hluti af hráefnum og hjálparefnum.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af kaupum á orkugjöfum (20 11 0)

Kóði: **20 11 3**

Heiti: Kaup á jarðgasi og afleiðugasi (verðmæti)

Kaup á jarðgasi og afleiðugasi á viðmiðunartímabilinu heyra undir þessa breytu svo fremi það sé keypt til að nota sem eldsneyti. Jarðgas og afleiðugas, sem keypt er sem hráefni eða til endursölu óbreytt, er undanskilið.

Jarðgas er metanríkt, brennanlegt gas úr náttúrulegu seti. Afleiðugas samanstendur af koxi fyrir koksofna (= gas sem fellur til sem aukaafurð koxs fyrir koksofna), háofnagasi (gas sem fellur til sem aukaafurð háofnagass) og gasveitugasi (gas sem fellur til við kolun, sundrun, umbreytingu, gösun eða einfaldri blöndun gass og/eða lofts í gasveitum) og gasi úr stálbræðsluofnum með súrefni (gas sem fellur til sem aukaafurð við framleiðslu stáls í súrefnisbræðsluofni).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Kaup á einstökum orkugjöfum má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Þau eru hluti af hráefnum og hjálparefnum.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af kaupum á orkugjöfum (20 11 0)

Kóði: **20 11 4**

Heiti: **Kaup á endurnýjanlegum orkugjöfum (verðmæti)**

Kaup á öllum endurnýjanlegum orkugjöfum á viðmiðunartímabilinu heyra undir þessa breytu svo fremi þeir séu keyptir til að nota sem eldsneyti. Endurnýjanlegir orkugjafar, sem keyptir eru sem hráefni eða til endursölu óbreytt, eru undanskildir.

Endurnýjanlegir orkugjafar taka til lífmassa, lífmassaúrgangs eða annarra endurnýjanlegra orkugjafa.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Kaup á einstökum orkugjöfum má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Þau eru hluti af hráefnum og hjálparefnum.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af kaupum á orkugjöfum (20 11 0)

Kóði: **20 11 5**

Heiti: **Kaup á hita (verðmæti)**

Hiti framleiddur í hitaveitum sem nota jarðefnaeldsneyti, lífmassa, úrgang, eða í samþættum hitaveitum og orkuverum (CHP) eða á jarðhitasvæðum.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Kaup á einstökum orkugjöfum má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Þau eru hluti af hráefnum og hjálparefnum.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af kaupum á orkugjöfum (20 11 0)

Kóði: **20 11 6**

Heiti: **Kaup á raforku (verðmæti)**

Raforka er annars stigs orkugjafi sem unnin er úr jarðefnaeldsneyti, kjarnorku, lífmassa, úrgangi og öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum (svo sem vatns-, vind-, sólar- eða jarðhitaorku).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Kaup á einstökum orkugjöfum má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Þau eru hluti af hráefnum og hjálparefnum.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af kaupum á orkugjöfum (20 11 0)⁴

2. Eftirfarandi skilgreiningar falli brott:

| Kóði | Heiti |
|---------------------|--|
| „12 14 0 | Vinnsluvirði á grunnverði |
| 16 13 2 | Fjöldi lærlinga |
| 18 13 0 | Velta af viðskiptum vegna kaupa og endursölu |
| 18 14 0 | Velta af milliliðastarfsemi |
| 20 21 0 til 20 31 0 | Kaup á orkugjafa ⁴ |

3. Eftirfarandi skilgreiningu er breytt:

Kóði: **18 11 0**

Heiti: **Velta af aðalstarfsemi í þriggja stafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins , 1. endursk.**

Skilgreining

Sá hluti veltunnar sem myndast af aðalstarfsemi einingarinnar. Aðalstarfsemi einingar er ákveðin samkvæmt reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðsluferfi Bandalagsins ⁽¹⁾.

Velta af sölu á vörum og þjónustu þar sem um er að ræða verktakatengsl er meðtalin. Velta af endursölu á vörum og þjónustu, sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi, er undanskilin.

⁽¹⁾ Stjórn. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu af aðalstarfsemi í þriggja stafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 1. endursk. má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af hreinni veltu.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af veltu (12 11 0).“

III. VIÐAUKI

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/98 er breytt sem hér segir:

1. Röðum gagna fyrir iðnað, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, þjónustu og verslun er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi tafla komi í stað töflunnar fyrir röð 1A:

„Röð 1A

| | |
|------------------------------------|---|
| Heiti raðar | Árlegar fyrirtækjahagskýrslur |
| Fyrsta viðmiðunarár | 1995 |
| Hversu oft | Árlega |
| Starfsemi | Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk, bálkur C–K, þó ekki flokkur 65.1 og 65.2, grein 66.02 og deild 67 |
| Könnunatriði | Könnunatriði í 3. lið 4. þætti 1. viðauka: 11 11 0 Fjöldi fyrirtækja Könnunatriði í 4. lið 4. þætti 1. viðauka: 12 11 0 Velta ⁽¹⁾ 12 12 0 Framleiðsluverðmæti 12 15 0 Vinnsluvirði á þáttaverði 13 11 0 Heildarkaup á vörum og þjónustu 13 12 0 Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi ⁽²⁾ 13 31 0 Starfsmannakostnaður 13 32 0 Launakostnaður 13 33 0 Kostnaður vegna almannatrygginga 15 11 0 Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum ⁽²⁾ 16 11 0 Fjöldi starfsmanna 16 13 0 Fjöldi launamanna ⁽²⁾ |
| Sundurliðun eftir starfsemi (þrep) | Sundurliðun endurflokkunar á starfsemi sem er tilgreind í 9. þætti 1. viðauka (þrep) |

⁽¹⁾ Greinar 66.01 og 66.03: Bókfærð iðgjöld alls.
⁽²⁾ Greinar 66.01 og 66.03: Þarf ekki að leggja fram.“

2. Eftirfarandi tafla komi í stað töflunnar fyrir röð 1B

„Röð 1B

| | |
|---------------------|---|
| Heiti raðar | Árlegar fyrirtækjahagskýrslur eftir stærðarflokki |
| Fyrsta viðmiðunarár | 1995 |
| Hversu oft | Árlega |
| Starfsemi | Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk, bálkur C–K, þó ekki flokkur 65.1 og 65.2, grein 66.02 og deild 67 |
| Könnunatriði | Könnunatriði í 3. lið 4. þætti 1. viðauka: 11 11 0 Fjöldi fyrirtækja Könnunatriði í 4. lið 4. þætti 1. viðauka: 12 11 0 (Velta) ⁽¹⁾ 12 15 0 Vinnsluvirði á þáttaverði ⁽¹⁾ 15 11 0 Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum (valfrjálst) 16 11 0 Fjöldi starfsmanna ⁽¹⁾ |

| | |
|---|--|
| Sundurliðun eftir starfsemi (þrep) | Bálkur C–G í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk: þriggja tölustafa þrep (flokkur)< Bálkur H, I, K: endurflokkunarþrep fyrir starfsemi sem er tilgreind í 9. þætti 1. viðauka |
| Sundurliðun eftir stærðarflokki | Bálkur C–F Fjöldi starfsmanna: 1-9, 10-19, 20-49, 50-249, 250 + Bálkar G, H, I og K Fjöldi starfsmanna: 1, 2-9, 10-19, 20-49, 50-249, 250 + Greinar 66.01 og 66.03: Bókfærð iðgjöld (í milljónum evra):< 5, 5-50, 51-250, 251-500, 501-1 000, 1 000 + |
| ⁽¹⁾ Greinar 66.01 og 66.03: þarf ekki að leggja fram.“ | |

3. Röð gagna um iðnað er breytt sem hér segir:

- a) Röð 2C Árlegar fyrirtækjahagskýrslur eftir tegund eignarhalds er felld brott úr yfirlitstöflu fyrir röð gagna um iðnað.
- b) Eftirfarandi tafla komi í stað töflunnar fyrir röð 2A

„Röð 2A

| | |
|---------------------|---|
| Heiti raðar | Árlegar fyrirtækjahagskýrslur |
| Fyrsta viðmiðunarár | 1995 |
| Hversu oft | Árlega |
| Starfsemi | Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., bálkar C–E |
| Könnunatriði | Könnunatriði í 2. lið 4. þætti 2. viðauka: 11 11 0 Fjöldi fyrirtækja 11 12 0 Fjöldi nýstofnaðra fyrirtækja 11 13 0 Fjöldi niðurlagðra fyrirtækja Könnunatriði í 3. lið 4. þætti 2. viðauka: 12 11 0 Velta 12 12 0 Framleiðsluverðmæti 12 13 0 Vergur hagnaður af vörum til endursölu 12 15 0 Vinnsluvirði á þáttaverði 12 17 0 Vergur rekstrarafgangur 13 11 0 Heildarkaup á vörum og þjónustu 13 12 0 Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi 13 13 1 Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks 13 21 3 Breytingar á birgðum af fullnum vörum og vörum í vinnslu, sem einingin sjálf framleiðir 13 32 0 Launakostnaður 13 33 0 Kostnaður vegna almannatrygginga 13 41 1 Greiðslur fyrir langtímaleigu og rekstrarleigu á vörum 15 12 0 Verg fjármunamyndun í lóðum 15 13 0 Verg fjármunamyndun í húseignum og byggingum sem til eru 15 14 0 Verg fjármunamyndun í byggingu og breytingu húseigna 15 15 0 Verg fjármunamyndun í vélum og búnaði 15 21 0 Sala efnislegrar fjárfestingarvöru 15 31 0 Verðmæti efnislegra vara sem aflað er með fjármögnunarleigu 16 11 0 Fjöldi starfsmanna 16 13 0 Fjöldi launamanna 16 13 1 Fjöldi launamanna í hlutastarfi 16 14 0 Fjöldi heilla stöðugilda |

| | |
|------------------------------------|--|
| | 16 15 0 Fjöldi vinnustunda launamanna |
| | 18 11 0 Velta af aðalstarfsemi í þriggja tölustafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 1. endursk. |
| | 18 12 0 Velta af iðnaði |
| | 18 16 0 Velta af verslun, kaupum og endursölu og milliliðastarfsemi“ |
| | 18 15 0 Velta af þjónustu |
| | 20 11 0 Kaup á orkugjöfum |
| | 22 11 0 Heildarútgjöld vegna rannsókna og þróunar innanhúss |
| | 22 12 0 Heildarfjöldi starfsfólks í rannsóknum og þróun |
| Sundurliðun eftir starfsemi (þrep) | Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., þriggja stafa þrep (flokkur) fyrir könnunatriði 18 11 0, 22 11 0 og 22 12 0 Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., fjögurra stafa þrep (grein) fyrir öll önnur könnunatriði“ |

c) Eftirfarandi röð komi í stað sjöundu línu töflunnar fyrir röð 2B

| | |
|----------------------------------|--|
| „Sundurliðun eftir stærðarflokki | Fjöldi starfsmanna: 1-49, 50-249, 250 +“ |
|----------------------------------|--|

d) Taflan fyrir röð 2C er felld brott.

e) Eftirfarandi lína komi í stað sjöundu línu í töflunni fyrir röð 2D:

| | |
|----------------------------------|---|
| „Sundurliðun eftir stærðarflokki | Fjöldi starfsmanna: 1-9, 10-19, 20-49, 50-249, 250 +“ |
|----------------------------------|---|

f) Eftirfarandi lína komi í stað sjöundu línu í töflunni fyrir röð 2K:

| | |
|----------------------------------|---|
| „Sundurliðun eftir stærðarflokki | Fjöldi starfsmanna: 1-9, 10-19, 20-49, 50-249, 250 +“ |
|----------------------------------|---|

g) Eftirfarandi tafla komi í stað töflunnar fyrir röð 2L:

„Röð 2L

| | |
|------------------------------------|---|
| Heiti raðar | Fyrirtækjahagskýrslur sem eru teknar saman á nokkurra ára fresti — kaup á orkuafurðum |
| Fyrsta viðmiðunarár | 1997 |
| Hversu oft | Annað hvert ár |
| Starfsemi | Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., bálkur C–D |
| Könnunatriði | Könnunatriði í 4. lið 4. þætti 2. viðauka: 20 11 1 Kaup á eldsneyti í föstu formi (verðmæti) 20 11 2 Kaup á jarðolíuvörum (verðmæti) 20 11 3 Kaup á jarðgasi og afleiðugasi (verðmæti) 20 11 4 Kaup á endurnýjanlegum orkugjöfum (verðmæti) 20 11 5 Kaup á hita (verðmæti) 20 11 6 Kaup á rafmagni (verðmæti) |
| Sundurliðun eftir starfsemi (þrep) | Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., þriggja stafa þrep (flokkur)“ |

4. Röð gagna um dreifingarstarfsemi er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi tafla komi í stað töflunnar fyrir röð 3B:

„Röð 3B

| | |
|------------------------------------|---|
| Heiti raðar | Árlegar fyrirtækjahagskýrslur |
| Fyrsta viðmiðunarár | 1995 |
| Tíðni | Árlega |
| Starfsemi | Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., bálfur G |
| Könnunatriði | Lýðfræðileg gögn 11 11 0 Fjöldi fyrirtækja Bókhaldsgögn 12 11 0 Velta 12 12 0 Framleiðsluverðmæti 12 13 0 Vergur hagnaður af vörum til endursölu 12 15 0 Vinnsluvirði á þáttaverði 12 17 0 Vergur rekstrarafgangur 13 11 0 Heildarkaup á vörum og þjónustu 13 12 0 Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi 13 21 0 Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu 13 21 1 Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu sem keypt var til endursölu í óbreyttu ástandi 13 31 0 Starfsmannakostnaður 13 32 0 Launakostnaður 13 33 0 Kostnaður vegna almannatrygginga Gögn tengd fjármagnsreikningi 15 11 0 Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum 15 12 0 Verg fjármunamyndun í lóðum 15 13 0 Verg fjármunamyndun í húseignum og byggingum sem til eru 15 14 0 Verg fjármunamyndun í byggingu og breytingu húseigna 15 15 0 Verg fjármunamyndun í vélum og búnaði 15 21 0 Sala efnislegrar fjárfestingarvöru 15 31 0 Verðmæti efnislegra vara sem aflað er með fjármögnunarleigu Gögn um starfsmannahald 16 11 0 Fjöldi starfsmanna 16 13 0 Fjöldi launamanna 16 13 1 Fjöldi launamanna í hlutastarfi Sundurliðun veltu eftir starfsemi 18 10 0 Velta af landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi 18 15 0 Velta af þjónustu 18 16 0 Velta af verslun, kaupum og endursölu og milliliðastarfsemi |
| Sundurliðun eftir starfsemi (þrep) | Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., fjögurra stafa þrep (grein) ^{4c} |

b) Eftirfarandi lína komi í stað sjöundu línu í töflunni fyrir röð 2K:

| | |
|----------------------------------|---|
| „Sundurliðun eftir stærðarflokki | Fjöldi starfsmanna: 1, 2-9, 10-19, 20-49, 50-249, 250 + 1, 2-9, 10-19, 20-49, 50-249, 250 + Ársvelta í milljónum evra: 0 til minna en 1, 1 til minna en 2, 2 til minna en 5, 5 til minna en 10, 10 til minna en 20, 20 til minna en 50, 50 til minna en 200, 200 og þar yfir ^{4c} |
|----------------------------------|---|

5. Röð gagna um byggingarstarfsemi er breytt sem hér segir:

- Röð 4C Árlegar fyrirtækjahagskýrslur eftir tegund eignarhalds er felld brott úr yfirlitstöflu fyrir röð gagna um byggingarstarfsemi.
- Eftirfarandi tafla komi í stað töflunnar fyrir röð 4A:

„Röð 4A

| | |
|---------------------|--|
| Heiti raðar | Árlegar fyrirtækjahagskýrslur |
| Fyrsta viðmiðunarár | 1995 |
| Hversu oft | Árlega |
| Starfsemi | Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., bálkur F |
| Könnunatriði | <p>Könnunatriði í 2. lið 4. þætti 4. viðauka:</p> <p>11 11 0 Fjöldi fyrirtækja</p> <p>11 12 0 Fjöldi nýstofnaðra fyrirtækja</p> <p>11 13 0 Fjöldi niðurlagðra fyrirtækja</p> <p>Könnunatriði í 3. lið 4. þætti 4. viðauka:</p> <p>12 11 0 Velta</p> <p>12 12 0 Framleiðsluverðmæti</p> <p>12 13 0 Vergur hagnaður af vörum til endursölu (valfrjálst fyrir flokka 451 og 452)</p> <p>12 15 0 Vinnsluvirði á þáttaverði</p> <p>12 17 0 Vergur rekstrarafgangur</p> <p>13 11 0 Heildarkaup á vörum og þjónustu</p> <p>13 12 0 Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi (valfrjálst fyrir flokka 451 og 452)</p> <p>13 13 1 Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks</p> <p>13 21 3 Breytingar á birgðum af fullunnum vörum og vörum í vinnslu, sem einingin sjálf framleiðir</p> <p>13 32 0 Launakostnaður</p> <p>13 33 0 Kostnaður vegna almannatrygginga</p> <p>13 41 1 Greiðslur fyrir langtímaleigu og rekstrarleigu á vörum</p> <p>15 12 0 Verg fjármunamyndun í lóðum</p> <p>15 13 0 Verg fjármunamyndun í húseignum og byggingum sem til eru</p> <p>15 14 0 Verg fjármunamyndun í byggingu og breytingu húseigna</p> <p>15 15 0 Verg fjármunamyndun í vélum og búnaði</p> <p>15 21 0 Sala efnislegrar fjárfestingarvöru</p> <p>15 31 0 Verðmæti efnislegra vara sem aflað er með fjármögnunarleigu</p> <p>16 11 0 Fjöldi starfsmanna</p> <p>16 13 0 Fjöldi launamanna</p> <p>16 14 0 Fjöldi heilla stöðugilda</p> <p>16 15 0 Fjöldi vinnustunda launamanna</p> <p>18 11 0 Velta af aðalstarfsemi, í þriggja tölustafa þrepi atvinnugreinaflokunar Evrópubandalagsins, 1. endursk.</p> <p>18 12 1 Velta af iðnaði, nema byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð</p> <p>18 12 2 Velta af byggingarstarfsemi</p> <p>18 16 0 Velta af verslun og milliliðastarfsemi</p> <p>18 15 0 Velta af þjónustu</p> <p>18 31 0 Velta af byggingavinnu (eingöngu flokkar 451 og 452)</p> <p>18 32 0 Velta af mannvirkjagerð (eingöngu flokkar 451 og 452)</p> <p>20 11 0 Kaup á orkuafurðum</p> <p>22 11 0 Heildarútgjöld vegna rannsókna og þróunar innanhúss</p> <p>22 12 0 Heildarfjöldi starfsfólks í rannsóknum og þróun</p> |

| | |
|------------------------------------|--|
| Sundurliðun eftir starfsemi (þrep) | Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., tveggja stafa þrep (deild) fyrir könnunaratriði 22 11 0 og 22 12 0 Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., þriggja stafa þrep (flokkur) 18 11 0 Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., fjögurra stafa þrep (grein) fyrir öll önnur könnunaratriði |
|------------------------------------|--|

c) Taflan fyrir breytu 4C er felld brott.

d) Eftirfarandi lína komi í stað sjöundu línu í töflunni fyrir röð 4D:

| | |
|---|---|
| „Sundurliðun eftir stærðarflokki (þrep) | Fjöldi starfsmanna: 1-9, 10-19, 20-49, 50-249, 250 +“ 1-9, 10-19, 20-49, 50-249, 250 +’ |
|---|---|

e) Eftirfarandi könnunaratriði er felld brott úr fimmtu línu töflunnar fyrir röð 4H:

| | |
|---------|--------------------------|
| „Atriði | 16 13 2 Fjöldi lærlinga“ |
|---------|--------------------------|

f) Eftirfarandi lína komi í stað sjöundu línu í töflunni fyrir röð 4K:

| | |
|---|---|
| „Sundurliðun eftir stærðarflokki (þrep) | Fjöldi starfsmanna: 1-9, 10-19, 20-49, 50-249, 250 +“ 1-9, 10-19, 20-49, 50-249, 250 +’ |
|---|---|

g) Eftirfarandi tafla komi í stað töflunnar fyrir röð 4L:

„Röð 4L

| | |
|------------------------------------|--|
| Heiti raðar | Fyrirtækjahagskýrslur sem eru teknar saman á nokkurra ára fresti — kaup á orkugjöfum |
| Fyrsta viðmiðunarár | 1997 |
| Hversu oft | Annað hvert ár |
| Starfsemi | Bálgur F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk. |
| Könnunaratriði | Atriði í 4. lið 4. þætti 4. viðauka: 20 11 1 Kaup á eldsneyti í föstu formi (verðmæti) (valfrjálst) 20 11 2 Kaup á öðrum jarðoliuvörum (verðmæti) (valfrjálst) 20 11 3 Kaup á jarðgasi og afleiðugasi (verðmæti) 20 11 4 Kaup á endurnýjanlegum orkugjöfum (verðmæti) (valfrjálst) 20 11 5 Kaup á hita (verðmæti) (valfrjálst) 20 11 6 Kaup á rafmagni (verðmæti) (valfrjálst) |
| Sundurliðun eftir starfsemi (þrep) | Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., þriggja stafa þrep (flokkur) |

IV. VIÐAUKI

Reglugerð (EB) nr. 2702/98 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi raðir eru felldar brott úr töflu 3.1 Tegund raða::

| Tegund raða | Kóði |
|---|------|
| „Árlegar fyrirtækjahagskýrslur eftir tegund eignarhalds (iðnaður) | 2C |
| Árlegar fyrirtækjahagskýrslur eftir tegund eignarhalds (byggingarstarfsemi) | 4C“ |

2. Eftirfarandi stærðarflokkur bætist við töflu 3.3. Stærðarflokkar:

| Stærðarflokkur fyrir starfsmannahald | Kóði |
|--------------------------------------|------|
| „2-9 | 54“ |

3. Eftirfarandi tafla komi í stað töflunnar í lið 3.5 Tegund eignarhalds eða auðkenning hagskýrslna um þjónustuviðskipti við erlend hlutdeildarfélag:

| Tegund eignarhalds (eða auðkenning hagskýrslna um þjónustuviðskipti við erlend hlutdeildarfélag) | Kóði |
|---|------|
| „Auðkenning hagskýrslna um þjónustuviðskipti við erlend hlutdeildarfélag: gögn um eiginlegan réttaha (Ultimate Beneficial Owner – UBO) innflutningur á þjónustu | 30 |
| Auðkenning hagskýrslna um þjónustuviðskipti við erlend hlutdeildarfélag: „Fyrstu-upplýsingar“ um innflutning á þjónustu | 40 |
| „Auðkenning hagskýrslna um þjónustuviðskipti við erlend hlutdeildarfélag: gögn um eiginlegan réttaha (Ultimate Beneficial Owner – UBO) og útflutning á þjónustu | 50 |
| Auðkenning hagskýrslna um þjónustuviðskipti við erlend hlutdeildarfélag: „Fyrstu-upplýsingar“ um útflutning á þjónustu | 60“ |

4. Eftirfarandi tafla komi í stað töflunnar í lið 3.7 *Breyta*:

„3.7. *Breyta*

| Heiti breytu | Kóði |
|---|--------------|
| Fjöldi fyrirtækja | 11110 |
| Fjöldi nýstofnaðra fyrirtækja | 11120 |
| Fjöldi niðurlagðra fyrirtækja | 11130 |
| Fjöldi starfsstöðva | 11210 |
| Fjöldi rekstrareininga | 11310 |
| Velta | 12110 |
| Framleiðsluverðmæti | 12120 |
| Vergur hagnaður af vörum til endursölu | 12130 |
| <i>Vinnsluvirði á markaðsverði</i> | <i>12141</i> |
| Vinnsluvirði á þáttaverði | 12150 |
| Tekjur af reglulegri starfsemi | 12160 |
| Vergur rekstrarafgangur | 12170 |
| Tekjur umfram gjöld | 12180 |
| Almennur vergur hagnaður | 12190 |
| Hagnaður eða tap á árinu | 12200 |
| Heildarkaup á vörum og þjónustu | 13110 |
| Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi | 13120 |
| <i>Önnur kaup á vörum og þjónustu</i> | <i>13130</i> |

| Heiti breytu | Kóði |
|--|--------------|
| Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks | 13131 |
| Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu | 13210 |
| Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu sem keypt var til endursölu í óbreyttu ástandi | 13211 |
| <i>Breytingar á birgðum af hráefnum og hjálparefnum</i> | <i>13212</i> |
| Breytingar á birgðum af fullnum vörum og vörum í vinnslu, sem einingin sjálf framleiðir | 13213 |
| Starfsmannakostnaður | 13310 |
| Launakostnaður | 13320 |
| Kostnaður vegna almannatrygginga | 13330 |
| Rekstrarkostnaður tengdur húsum og búnaði | 13410 |
| Greiðslur fyrir langtímaleigu og rekstrarleigu á vörum | 13411 |
| Sölu­kostnaður | 13420 |
| Annar rekstrarkostnaður | 13430 |
| Velta af afhendingu vöru og þjónustu innan Bandalagsins | 14110 |
| Velta af útflutningi vöru og þjónustu til landa utan Bandalagsins | 14120 |
| <i>Velta af sölu í öðrum löndum</i> | <i>14130</i> |
| <i>Velta af sölu innanlands</i> | <i>14140</i> |
| Kaup á vörum og þjónustu innan Bandalagsins | 14210 |
| Innflutningur á vörum og þjónustu frá löndum utan Bandalagsins | 14220 |
| <i>Kaup á vörum og þjónustu frá öðrum löndum</i> | <i>14230</i> |
| <i>Kaup á vörum og þjónustu innanlands</i> | <i>14240</i> |
| Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum | 15110 |
| Verg fjármunamyndun í lóðum | 15120 |
| <i>Verg fjármunamyndun í húseignum og byggingum, smíði og breytingu húseigna</i> | <i>15119</i> |
| Verg fjármunamyndun í húseignum og byggingum sem til eru | 15130 |
| Verg fjármunamyndun í byggingu og breytingu húseigna | 15140 |
| Verg fjármunamyndun í vélum og búnaði | 15150 |
| Sala efnislegrar fjárfestingarvöru | 15210 |
| <i>Hrein fjármunamyndun í efnislegum fjármunum</i> | <i>15250</i> |
| Verðmæti efnislegra vara sem aflað er með fjármögnunarleigu | 15310 |
| Öflun óefnislegra fastafjármuna | 15410 |
| Verg fjármunamyndun í sérleyfum, einkaleyfum, leyfum, vörumerkjum og svipuðum réttindum | 15420 |
| Útgjöld vegna markaðssetningar | 15440 |
| Verg fjármunamyndun í hugbúnaði | 15441 |
| Fjármunamyndun í aðkeyptum hugbúnaði | 15442 |
| Fjármunamyndun í hugbúnaði sem framleiddur er af einingunni | 15610 |
| Kaup á hlutabréfum og eignarhlutum | 15620 |
| Sala á hlutabréfum og eignarhlutum | <i>15650</i> |
| <i>Hrein kaup á hlutabréfum og eignarhlutum</i> | |
| Fjöldi starfsmanna | 16110 |
| <i>Fjöldi ólaunaðra starfsmanna</i> | <i>16120</i> |
| Fjöldi launamanna | 16130 |
| Fjöldi launamanna í hlutastarfi | 16131 |

| Heiti breytu | Kóði |
|--|--------------|
| Fjöldi starfsmanna með vinnuástöðu heima | 16135 |
| Fjöldi heilla stöðugilda | 16140 |
| Fjöldi vinnustunda launamenn | 16150 |
| Fjöldi fyrirtækja með aðildar- eða samstarfssamning við önnur fyrirtæki | 17110 |
| Upplýsingar um verslunarhætti fyrirtækja | 17310 |
| Fjöldi smásöluverslana | 17320 |
| Flokkun sölurýmis verslana sem stunda smásölu | 17330 |
| Sölurými | 17331 |
| Fjöldi fastra markaðsbása og/eða söluborða | 17340 |
| Velta af landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi | 18100 |
| Velta af aðalstarfsemi í þriggja stafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 1. endursk. | 18110 |
| Velta af iðnaði | 18120 |
| — Velta af iðnaðarstarfsemi að undanskilinni byggingarstarfsemi | 18121 |
| — Velta af byggingarstarfsemi | 18122 |
| Velta af þjónustu | 18150 |
| Velta af viðskiptum vegna kaupa og endursölu og milliliðastarfsemi | 18160 |
| Sundurliðun veltu eftir vörum (samkvæmt báki G í Vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)) | 18210 |
| — Velta af byggingarvinnu | 18310 |
| — Velta af mannvirkjagerð | 18320 |
| Kaup á orkugjöfum (verðmæti) | 20110 |
| Kaup á eldsneyti í föstu formi (verðmæti) | 20111 |
| Kaup á jarðolíuvörum (verðmæti) | 20112 |
| Kaup á jarðgasi og afleiðugasi (verðmæti) | 20113 |
| Kaup á endurnýjanlegum orkugjöfum (verðmæti) | 20114 |
| Kaup á hita (verðmæti) | 20115 |
| Kaup á rafmagni (verðmæti) | 20116 |
| Fjármunamyndun í mengunareftirlitsbúnaði og -stöð og sérstökum aukabúnaði til mengunarvarna (einkum endahreinsibúnaði) | 21110 |
| Fjármunamyndun í búnaði og stöð í tengslum við hreina framleiðslutækni (samþætta tækni) | 21120 |
| Samanlögð rekstrarútgjöld til umhverfisverndar | 21140 |
| Heildarútgjöld vegna rannsókna og þróunar innanhúss | 22110 |
| Heildarfjöldi starfsfólks í rannsóknum og þróun | 22120 |
| Greiðslur til undirverktaka | 23110 |
| Tekjur af undirverktakastarfsemi | 23120 |
| Hundraðshluti veltu af viðskiptum við endursölu kaupmenn smásalar | 25111 |
| Hundraðshluti veltu eftir viðskiptamönnum í atvinnulífinu (heildsalar, aðrir) | 25112 |
| Hundraðshluti veltu eftir neytendum (smásölustarfsemi) | 25113 |
| Hundraðshluti kaupa frá heildsölum, innkaupahringjum | 25211 |
| Hundraðshluti kaupa frá framleiðendum | 25212 |
| <i>Vergt vinnsluvirði á hvern staðsmann (framleiðni vinnuaflds)</i> | <i>91110</i> |
| <i>Vergt vinnsluvirði launakostnaðar á einingu (framleiðni vinnuaflds á móti launinum)</i> | <i>91120</i> |
| <i>Vergt vinnsluvirði á hvern launamann</i> | <i>91130</i> |
| <i>Vergt vinnsluvirði á launamann í fullu starfi</i> | <i>91140</i> |

| Heiti breytu | Kóði |
|--|--------------------|
| <i>Vergt vinnsluvirði á hverja unna klukkustund launamanns</i> | 91150 |
| <i>Launakostnaður á launamann(launakostnaður á einingu)</i> | 91210 |
| <i>Launakostnaður á launamann í fullu starfi</i> | 91220 |
| <i>Launakostnaður á hverja unna klukkustund launamanns</i> | 91230 |
| <i>Framlag vinnuveitenda til almannatrygginga sem hlutfall af launakostnaði</i> | 91310 |
| <i>Vergur rekstrarafgangur/velta (rekstrarstuðull (vergt))</i> | 92110 |
| <i>Velta af sölu í öðrum löndum sem hlutfall af veltu</i> | 93110 |
| <i>Velta af sölu innanlands sem hlutfall af veltu</i> | 93120 |
| <i>Kaup á vörum og þjónustu í öðrum löndum sem hlutfall af heildarkaupum</i> | 93210 |
| <i>Kaup á vörum og þjónustu innanlands sem hlutfall af heildarkaupum</i> | 93220 |
| <i>Hluti aðalstarfsemi af veltu (sérhæfnistig)</i> | 94110 |
| <i>Hluti vinnsluvirðis í framleiðslugeiranum, samanlagt</i> | 94210 |
| <i>Hluti vinnsluvirðis í iðnfyrirtækjum, samanlagt</i> | 94220 |
| <i>Hluti starfsmannahalds í framleiðslugeiranum, samanlagt</i> | 94310 |
| <i>Hluti starfsmannahalds í iðnfyrirtækjum, samanlagt</i> | 94320 |
| <i>Hlutfall birgða af fullunnum vörum og vörum í framleiðslu á móti framleiðsluverðmæti</i> | 94410 |
| <i>Útgjöld til rannsókna og þróunar sem hlutfall af vinnsluvirði</i> | 95110 |
| <i>Starfsfólk í rannsóknum og þróun sem hlutfall af fjölda starfsmanna</i> | 95120 |
| <i>Fjármunamyndun vegna umhverfisverndar sem hlutfall samanlagðrar efnislegrar fjármunamyndunar</i> | 95210 |
| <i>Útgjöld vegna umhverfisverndar sem hlutfall af heildarkaupum á vörum og þjónustu og launakostnaði</i> | 95220 ⁴ |